



U S T

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
⑦ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 23. júní 2005
Tilvísun: UST20050300117/bs

Sjóvarnir við Haganesvík, að Hrauni í Fljótum og Hrauni á Skaga í Sveitarfélagitnu Skagafirði. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. mars 2005 þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda.

Haganesvík: Fyrirhugað er að byggja nýja sjóvörn austan og vestan við stuttan sjóvarnargarð sem er neðan fiskverkunarhúss. Framkvæmdarsvæðið er annars vegar við veg sem er efst á lágum fjörukambi sem er milli sjávar og Hofsvatns og hins vegar við allháa bakka austan núverandi sjóvarnar þar sem bakkarnir hafa rofnað vegna ágangs sjávar. Efni í sjóvörnina verður sótt í námu við Kóngsnef við Hraun í Fljótum.

Hraun í Fljótum: Fyrirhugað er að grjótverja Stakkgarðshólma sem er á miðju eiðinu milli Miklavatns og hafs. Miklavatn er svæði nr. 428 á náttúruminjaskrá. Að sögn ábúanda á Hrauni hefur síðasta áratuginn af og til verið flutt grjót út að Stakkgarðshólma í þeim tilgangi að verja hann fyrir ágangi sjávar. Fyrirhuguð framkvæmd er því að nokkru leyti endurbygging sjóvarnar sem fyrir er við hólmann. Aðkoma að hólmanum er eftir slóð sem þangað liggur frá Hrauni, en þar verður efni í sjóvörnina tekið úr námu í Kóngsnefi sem er grýttur hryggur neðan við veg 76.

Við efnistöku ætti að reyna að halda lögun og halla hryggjarins eins og kostur er.

Hraun á Skaga: Innan við sjávarkamb hefur verið hlaðinn sjóarnargarður og stórgréti komið fyrir á kambinum. Fyrirhugað er að byggja sjóvörn á tveimur stöðum annars vegar neðan við íbúðarhús og hins vegar neðan við fjárhús sem standa vestan við íbúðarhús. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru grasbalar sem gætu verið gömul tún að hluta. Hraun á Skaga er innan svæðis nr. 427 á náttúruminjaskrá. Hugsanlegt er að unnt sé að tína eitthvað af stórgréti úr túni vestan fjárhúsa. Umhverfisstofnun mælist til að efni verði frekar sótt í námur þar sem grjót er losað með sprengingum frekar en að tína grjót úr skriðum eða urð.

Niðurstaða: Fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum hefur þegar verið raskað ýmist vegna eldri sjóvarna eða ágangs sjávar. Framkvæmdirnar hafa ekki áhrif á sérkenni þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar sjóvarmir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson



Stefán Einarsson
Verkefnastjóri